

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Þórshafnarhreppi
nr. 368 frá 9. október 1978.**

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

80% gatnagerðargjaldsins er lánað til 4ra ára verðtryggt samkvæmt lánskjara-vísitölu og lögum um verðtryggingu. Vextir eru þeir sömu og af gatnagerðarlánnum Byggðasjóðs.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1982.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 275.

13. maí 1982.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. maí 1982.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**Verðlaunasjóðs frk. Ragnheiðar Jónsdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður frk. Ragnheiðar Jónsdóttur, skólastjóra.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 15. maí 1977 af nemendum, Nemendasambandi Kvenna-skólans í Reykjavík og vinum frk. Ragnheiðar til minningar um hana. Fé sjóðsins er nú kr. 11 853,92, ellefu þúsund átta hundruð fimmtíu og þrjár 92/100 sem geymt er í verðtryggðum sparireikningi nr. 613014 í Landsbanka Íslands og kr. 2 248,05, tvö þúsund tvö hundruð fjörutíu og átta 05/100 sem geymt er í sparisjóðsbók nr. 159491 í Landbanka Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rækt nemenda við sögunám. Veita má verðlaun ef ástæða þykir til, en fresta má veitingu, ef svo ber undir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir og önnur skyld fjárframlög. Heimilt er að verja allt að $\frac{3}{4}$ árstekna sjóðsins til verðlauna. Sjóðurinn má aldrei verða minni en 11 853,92, ellefu þúsund átta hundruð fimmtíu og þrjár 92/100.

5. gr.

Sjóðurinn er í vörslu skólastjóra Kvennaskólans í Reykjavík og ákveður hann ásamt tveimur föstum kennurum skólans úthlutun úr sjóðnum.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 276.

REIKNINGUR**Samvinnubanka Íslands 1981.****Rekstrarreikningur Samvinnubanka Íslands h.f. og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fyrir árið 1981.**

Rekstrartekjur:

Vextir af útlánum	kr. 150 663 947,54
Vextir frá Seðlabanka	— 38 809 878,44
Aðrar vaxtatekjur	— 923 286,98
Þóknun og þjónustutekjur	— 4 124 157,06
Ýmsar rekstrartekjur	— 2 789 462,89
Tekjur af fastafé	— 440 618,55
Aðrar tekjur	— 3 409 702,27

 kr. 201 161 053,73

Rekstrargjöld:

Vextir af innlánum	kr. 113 937 625,78
Vextir til Seðlabanka	— 12 094 298,40
Önnur vaxtagjöld	— 35 296 825,93
Laun og launatengd gjöld	— 21 464 854,12
Aðkevpt þjónusta	— 5 301 454,41
Ýmis rekstrargjöld	— 2 885 166,16
Opinber gjöld	— 684 843,13
Gjöld af fastafé	— 1 486 116,50
Afskriftir af fastafé	— 830 217,89
Önnur gjöld	— 410 265,17

 kr. 194 391 667,49

 Rekstrarhagnaður kr. 6 769 386,24

Ráðstöfun hagnaðar:

Tillag í varasjóð stofnlánadeildar	kr. 947 767,23
Tillag í varasjóð bankans	— 1 950 000,00
Lagt til afskriftareiknings útlána	— 850 000,00
Óráðstafað	— 3 021 619,01

 kr. 6 769 386,24